

Íþrótt- og æskulýðsmál:

umsjónarmaður íþróttamannvirkja á Hellu og í Þykkvabæ

Skipulags- og byggingamál:

skipulags- og byggingafulltrúi

Stjórnsýsla og fjármál:

bókari og hreppsnefndarritari

launafulltrúi

Umhverfis-, veitu- og tæknideild:

verkstjóri áhaldahúss

aðstoðarverkstjóri áhaldahúss

Fyrirtæki:

starfsmaður eignaumsjónar

II. Listi yfir þau störf sem falla undir 5. tl. 1. mgr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Íþrótt- og æskulýðsmál:

yfirhúsvörður Laugalandi

húsvörður Grunnskólans á Hellu

húsvörður skóla- og íþróttamannvirkja í Þykkvabæ

Hellu, 18. nóvember 2003.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 308 15. apríl 2003, með síðari breytingu.

1. gr.

Ný 3. mgr. í 3. gr., liður 03.01 (1) hljóðar svo: Merking á efni í íhlutum ökutækja vegna úreldingar þeirra telst vera fullnægjandi ef ákvæði EB-tilskipunar nr. 2000/53 eru uppfyllt.

2. gr.

Lágmarksgildi við Hópbifreið IIB í töflu 8.3 í lið 08.12 (3) í 8. gr. verður 680 mm.

3. gr.

Liður 12.20 (1) í 12. gr. hljóðar svo: Bifhjól skal búið hraðamæli.

4. gr.

Ný lína bætist við lista í viðauka II, sbr. svohljóðandi:

| | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---------|--------------|---|---|---|---|---|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|
| 2000/53 | Endurvinnsla | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | | | | | | | | | | | |
|---------|--------------|---|---|---|---|---|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|

5. gr.

Ný lína bætist við listann *Bifreiðar og eftirvagnar* í viðauka III, svohljóðandi:

| | | | |
|------------|--|--------------|-----------|
| 2000/53/EB | | Endurvinnsla | 03.01 (1) |
|------------|--|--------------|-----------|

6. gr.

Ný lína bætist við listann **Bifreiðar og eftirvagnar** í viðauka IV, svohljóðandi:

| | | | | |
|-------|--------------|--|------------------|----------------------|
| XX32e | Endurvinnsla | | L 269 21.10.2000 | ***162/2001, 92/2003 |
|-------|--------------|--|------------------|----------------------|

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 60. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987 til innleiðingar á tilskipun 2000/53/EB, sem vísað er til í lið 32da, viðauka XX, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2001, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. nóvember 2003.

Björn Bjarnason.

Björn Friðfinnsson.

REGLUGERÐ

um takmörkun á notkun og markaðssetningu nónýlfenóls og nónýlfenóletoxýlata.

1. gr.

Markmið reglugerðar þessarar er að takmarka markaðssetningu og notkun nónýlfenóls og nónýlfenóletoxýlata og vernda með því umhverfið.

2. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar gilda um nónýlfenól ($C_6H_4(OH)C_9H_{19}$), nónýlfenóletoxýlöt ($(C_2H_4O)_n C_{15}H_{24}O$) og vörur sem innihalda þessi efni.

3. gr.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja, dreifa eða nota nónýlfenól og nónýlfenóletoxýlöt til eftirfarandi nota hvort sem er á hreinu formi eða í blöndu enda sé massahlutfall þeirra 0,1% eða hærra:

- Við hreinsun í iðnaði eða á vegum stofnana nema í lokuðum kerfum í þurrhreinsun þar sem þvottavökvinn er endurnýttur eða brenndur eða í öðrum hreinsikerfum þar sem þvottavökvinn er sérstaklega meðhöndlaður og hann endurnýttur eða brenndur.
- Í hreinsiefni til notkunar í heimahúsum.
- Við vinnslu textíl- og leðurvara nema við vinnslu þar sem engin losun er út í fráveitu eða í kerfum með sérstakan útbúnað fyrir meðhöndlun vatnsins sem er meðhöndlað þannig að lífræni hlutinn er fjarlægður að fullu áður en kemur að líffræðilegu niðurbroti frárennslisins svo sem við affitun sauðagæra.
- Sem ýruefni í spenadyfur til notkunar í landbúnaði.
- Við málmvinnslu nema í lokuðum kerfum þar sem þvottavökvinn er endurnýttur eða brenndur.
- Við framleiðslu trjákvöðu eða pappírs.
- Í snyrtivörur.
- Í vörur til persónulegra nota aðrar en snyrtivörur nema í sæðisdrepani efni.
- Sem hjálparefni í varnarefni og sæfiefni.